

Fundargerð

21. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað þriðjudaginn 8. júní 2021, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. Úrslit sameiningakosninga - 2105037

Farið yfir úrslit kosninganna sem fóru fram laugardaginn 5. júní.

Niðurstöður kosninga um sameiningu liggja fyrir. Sameining Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps var samþykkt. Atkvæði í Þingeyjarsveit féllu þannig að 286 greiddu atkvæði með sameiningu (65,1%) en 146 greiddu atkvæði gegn sameiningu (33,3%). Auðir og ógildir atkvæðaseðlar voru 7 (1,5%). Kjörsókn var 66,6%.

Í Skútustaðahreppi samþykktu 67,7% kjósenda sameiningu sveitarfélagsins og Þingeyjarsveitar. Atkvæði féllu þannig að 159 merktu við „Já“ (67,7%) en 71 merkti við „Nei“ (30,2%). Auðir seðlar (ath) voru 5 (2,1%). Kjörsókn var um 79% (ath).

Lagt fram

2. Innleiðing sameiningar - 2106014

Róbert fór yfir helstu reglur og verkefni sem felast í innleiðingu sameinaðs sveitarfélags.

Samstarfsnefnd samþykkir að senda sveitarstjórnnum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar erindi og óska eftir að þær skipi þrjá fulltrúa hvor og þrjá til vara í stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags. Formanni falið að senda erindið.

Ákveðið að samstarfsnefnd fundi að nýju þegar fjárhagslegt uppgjör verkefnisins liggur fyrir og fari markvisst yfir þann lærdóm sem draga má af verkefninu.

Nefndarmenn hófu umræðu um lærdóminn. Umræðunni frestað til næsta fundar.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 10:00.